

Tillaga til þingsályktunar

um nýja námsbraut við Sjómannaskóla Íslands.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson,
Kristján Pálsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra athugun á möguleikum þess að við Sjómannaskóla Íslands verði stofnað til viðbótarnáms (námskeiðs) er lýtur að störfum skipstjórnarmanna á skemmtiferðaskipum. Námið verði með alþjóðlegu sniði, kennsla fari fram á ensku en tímalengd og umfang námsins ráðist af þeim kröfum sem gerðar eru í dag til öryggis og rekstrar skemmtiferðaskipa.

Nám þetta verði viðbót við hefðbundið skipstjórnarnám (stýrimenn, vélstjórar) en miðist fyrst og fremst við umfangsmikinn rekstur skemmtiferðaskipa.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur hlutdeild skemmtiferðaskipa í ferðamannafjölda stóraukist. Talið er að aukning í þessari grein, miðað við farþegafjölda, hafi verið 8% að meðaltali sl. 15 ár. Nú eru 53 skemmtiferðaskip í þöntun hjá skipasmíðastöðvum víðs vegar um heiminn en smíði þeirra síðustu á að vera lokið árið 2003.

Hér er um að ræða viðbót við þann flota sem fyrir er.

Talið er að á næstu fimm árum þurfi u.p.b. 100.000 nýja starfsmenn í áhafnir skemmtiferðaskipanna.

Mjög erfitt reynist að finna og fá skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra frá Vestur-Evrópu-löndum til starfa, m.a. vegna þess að ungt fólk er orðið fráhverfara sjómannsku en áður var og æ færri stunda nám í sjómannaskólum. Á hinn bóginn sækjast flest félög, sem reka skemmtiferðaskip, eftir evrópskum yfirmönnum, og er þess oft getið í kynningu og sölu-gögnum viðkomandi skips fyrir farþega að yfirmenn séu frá Evrópu og þykir það mjög traustvekjandi.

Til þess að gera störf yfirmanna eftirsóknarverðari hafa kjörin verið bætt, sem m.a. felst í því að tvær áhafnir yfirmanna eru tengdar hverju skipi. Stöður yfirmanna eru þá að sjálfsögðu fleiri og frítíminn meiri. Einnig þurfa útgerðir skemmtiferðaskipa skipstjórnarnenn til starfa í landi við margs konar stjórnunarstörf.

Útgerðarfyrirtæki hafa vissulega reynt að bregðast við þessum vanda, m.a. leitað eftir skipstjórnarmönnum frá Austur-Evrópu, en þá er vandinn málakunnátta. Önnur útgerðarfyrirtæki hafa snúið sér til menntamálayfirvalda í viðkomandi landi og hvatt til aukinnar áherslu á þær greinar sem áður voru nefndar. Önnur leggja mikla áherslu á innri starfsmenntunarmál og samvinnu við sjómannaskóla víða um heim. Fram hefur þó komið að ákvæðna og skipulagða kennslu vantar á þessu sviði.

Flutningsmenn telja mikla möguleika felast í kennslu og fræðslu á þessu sviði hér á landi í ljósi þess hve umfangsmikil þessi grein ferðamála er orðin og fer ört vaxandi. Þessi vöxtur er hvatning fyrir Íslendinga, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, til frekari þátttöku í alþjóða-

siglingum. Þá má benda á að með þessu námi mundi Sjómannaskólahúsið nýtast allt árið og einnig nýjar nemendaíbúðir við Sjómannaskólann ásamt íbúðum við Kennaraháskólann. Þá má ætla að nám erlendra manna hér á landi vegna reksturs skemmtiferðaskipa gæti, til langs tíma litið, leitt til þess að komum slíkra skipa til Íslands fjölgangi verulega.